

Reykjavík, 10. október 2022

**Efni: Umsögn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023, 2. mál. - Breyting á eftirlitsgjaldi lífeyrissjóða.**

**1. Ósanngjörn gjaldtaka**

Sem fyrr gerir Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands (LTFÍ) alvarlega athugasemdir við breytingar á eftirlitsgjaldi lífeyrissjóða. Skv. fyrirleggjandi frumvarpi mun eftirlitsgjald LTFÍ hækka um 3,1% frá fyrra ári. Þar með er þó ekki öll sagan sögð því á s.l. árum hefur gjaldið hækkað um tugi prósentu en á síðasta ári hækkaði gjaldið um 31,5%. Að mati sjóðsins brýtur gjaldið gegn almennum jafnræðis- og sanngirnissjónarmiðum.

**2. Meðferð málsins á árinu 2020**

LTFÍ hefur barist fyrir sanngjarnri gjaldtöku á liðnum árum. Þannig fékk sjóðurinn áheyrn hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis á árinu 2020. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar sagði m.a.:

*„Eftirlitsgjald með lífeyrissjóðum....*

*Í 15. gr. frumvarpsins eru lagðar til ýmsar breytingar á 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, m.a. er lögð til hækkun á því fastagjaldi sem lífeyrissjóðirnir greiða til að standa straum af eftirliti. Hlutfall fastagjaldsins af heildarálagningu lífeyrissjóða verður því hærra samhliða lækkun á hlutfalli breytilega gjaldsins.*

*Í umsögn... ellefu minni og meðalstórra lífeyrissjóða kemur fram það sjónarmið að ójafnræðis gæti um skiptingu eftirlitsgjalds milli lífeyrissjóðanna ef horft er til stærðarmunar þeirra. Minni lífeyrissjóðir greiði hærra hlutfall af hreinni eign í formi eftirlitsgjalds en þeir stóru. Í umsögninni er lagt til að gjaldið verði alfarið innheimt sem hlutfall af hreinni eign sjóðanna en nemi þó að lágmarki 1.200.000 kr. Í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða kemur einnig fram sú afstaða að mikilvægt sé að lagaákvæðið fái „heildstæða yfirferð þar sem leitast verður við að ná sanngjarnri skiptingu gjaldsins milli ólíkra sjóða.“*

*Nefndin óskaði eftir minnisblaði frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands þar sem fram kæmi afstaða til umsagnar minni og meðalstóru lífeyrissjóðanna. Í minnisblaðinu kemur fram að breytingartillagan endurspeglar almennt þann kostnað sem felist í beinu eftirliti með hverjum lífeyrissjóði fyrir sig. Þá segir: „Aftur á móti er verulegur hluti kostnaðar við starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem lýtur að lífeyriskerfinu almenns eðlis, svo sem við greiningar, áhættumat, lagaþróun og reglusetningar. Vegna þeirra verkefna, auk kostnaðar við yfirstjórn, er óeðlilegt að minni sjóðirnir greiði hlutfallslega meira en þeir stóru. Að öllu*

***Þessu sögðu mælir Fjármálaeftirlitið með því að fyrirkomulag skattheimtu til að standa straum af eftirliti og tengdum verkefnum verði tekið til gagnerrar endurskoðunar.***“

*Skipting eftirlitsgjaldsins í fastagjald og breytilegt gjald veldur því að hlutfall fastagjaldsins af heildarálagningu er hærra hjá minni lífeyrissjóðum en hjá þeim eignarmeiri. Við ákvörðun um tilhögun eftirlitsgjalds vegast því á ólíkir hagsmunir lífeyrissjóðanna. Meiri hlutinn tekur því undir með Fjármálaeftirlitinu um mikilvægi endurskoðunar á fyrirkomulagi eftirlitsgjalds með tilliti til þess að tryggja frekara jafnræði milli sjóðanna.*“

Ekki verður betur séð en að samhljómur hafi verið með þingi og stjórnvöldum um að stuðla að sanngirni í málinu og taka galdið til gagnerrar skoðunar. Annað kom þó á daginn á árinu 2021!

### **3. Meðferð málsins á árinu 2021**

Ekki verður séð að stjórnvöld hafi tekið mið af athugasemdum efnahags- og viðskiptanefndar á árinu 2021. Þvert á móti var gjaldið hækkað um 31,5% hjá LTFÍ og lítil viðleitni sýnd til að gæta jafnræðis eða sanngirni við ákvörðun gjaldsins eins og boðað hafði verið.

Við meðferð málsins í desember 2021 sendi Seðlabanki Íslands inn minnisblað til áréttingar á sínum sjónarmiðum. Þar sagði m.a.:

*„Fastgjald á lífeyrissjóði er breytilegt eftir því í hvaða stærðarflokk viðkomandi lífeyrissjóður fellur undir. Fastgjaldaflokkarnir taka mið af þeim kostnaði sem felst í eftirliti með lífeyrissjóðum í hverjum stærðarflokki fyrir sig. Það er mat Seðlabankans að kostnaður við beint eftirlit með lífeyrissjóði nemi að lágmarki 4.000.000 kr. á ári og því var lagt til að lágmarksfastgjald yrði 4.000.000 kr. Í ljósi þess, og til að tryggja sem sanngjarnasta skiptingu eftirlitsgjaldsins, telur Seðlabankinn ekki réttlætanlegt að lækka fastgjald á lífeyrissjóði með eignir undir 15 milljörðum.“*

Umsögn efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í desember 2022 tók mið af minnisblaði Seðlabanka Íslands. Þar sagði:

*„Eftirlitsgjald lífeyrissjóða.*

*Í erindi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands kemur fram að breytingartillaga meiri hluta nefndarinnar við 11. gr. frumvarpsins hreyfi ekki við föstu gjaldi á sjóðum með hreina eign til greiðslu lífeyris undir 15 milljörðum kr. Með breytingunni hækki eftirlitsgjald sem lagt er á lífeyrissjóðinn úr 4.135.018 kr. í 4.178.335 kr.*

*Í nefndaráliti meiri hlutans við 2. umræðu kemur fram að meiri hlutinn telji ekki forsendur fyrir því að þáttur fastagjalds í heildarálagningu lífeyrissjóða verði hækkaður með þeim hætti sem lagt var til í frumvarpinu, því sé lagt til að hlutfall fastagjaldsins af heildarálagningu verði áfram 60%. Nefndin óskaði eftir afstöðu ráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um það hvort forsendur væru til þess að lækka hlut fastagjaldsins á sjóði með hreina eign til greiðslu lífeyris undir 15 milljörðum kr. Meiri hlutinn telur ekki forsendur til að lækka fastagjald á lífeyrissjóði með eignir undir 15 milljörðum kr. enda sé það mat Seðlabankans að kostnaður við beint eftirlit með lífeyrissjóði nemi að lágmarki 4.000.000 kr. á ári.“*

LTFÍ getur ekki fallist á að breytt og aukin gjaldtaka uppfylli fyrirheit um sanngirni og réttlæti. Til að útskýra betur það ósamræmi og ójafnræði sem leiðir af gildandi reglum er ágætt að bera saman tvo ólíka lífeyrissjóði, annars vegar þann stærsta, Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) og þann minnsta, Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands (LTFÍ). Eftirlitsgjald á hvern virkan sjóðfélaga hjá LSR er um 1.100 kr. á meðan sambærilegt gjald á sjóðfélaga LTFÍ er 11.500 kr. Munurinn er meira en tífoldur! Að mati LTFÍ er ótækt að festa í lög jafn mikið óréttlæti og raun ber vitni. Í þessu sambandi er mikilvægt að minna á að lífeyrissjóðir eru ekki fyrirtæki í hefðbundnum skilningi. Lífeyrissjóðir eru í eigu sjóðfélaga sinna en margir sjóðfélagar hafa ekkert um það að segja hvaða lífeyrissjóði þeir tilheyra. Þótt það eigi ekki við um LTFÍ, sem byggir á frjálsri aðild, er að mati sjóðsins ótækt að festa í lög gjaldtöku sem mismunar þegnum eins og hér er gert.

#### 4. Breyting á fastagjaldi

Gjaldtaka á grundvelli laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, hefur breyst talsvert á s.l. árum. Þannig hefur hlutur fastagjalds hjá lífeyrissjóðum undir 10 milljörðum króna að stærð hækkað um 81% frá árinu 2016 á meðan fastagjald annarra hefur staðið í stað án nokkurra skýringa.

Hér er yfirlit yfir breytingar á fastagjaldi ólíkra eftirlitsskyldra aðila frá 2016 til 2022:

	Lög 2016	Frumvarp 2022	Breyting
<b>Viðskiptabankar</b>	1.200.000	1.200.000	0%
<b>Vátryggingafélög</b>	1.200.000	1.200.000	0%
<b>Verðbréfafyrirtæki</b>	1.200.000	1.200.000	0%
<b>Lífeyrissjóðir undir 10 ma.kr.</b>	2.260.000	4.100.000	81%

Ofangreindur samanburður er afar sérstakur, einkum í ljósi rökstuðnings Seðlabanka Íslands um lágmarksframlag lítilla lífeyrissjóða. Þannig verður að telja afar ólíklegt að tólfhundrað króna iðgjald standi undir eftirliti einstakra eftirlitsskyldra aðila. Óbreytt gjaldtaka annarra eftirlitsskyldra aðila er enn einn vitnisburðurinn um ófagleg vinnubrögð.

Meðferð þessa máls er í ljósi framangreinds mikill áfellisdomur yfir stjórnslu og undirbúningi lagasetningar hér á landi. Þannig hafa stjórnvöld skellt skollaeyrum við skýru ákalli Alþingis um gagngera endurskoðun á eftirlitsgjaldinu. Með þeim orðum skorar stjórn LTFÍ á Alþingi að taka málið í eigin hendur og endurskoða umrædda gjaldtöku frá grunni með sanngirni og jafnræði að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,

f.h. Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

---

Sigurgísli Ingimarsson, formaður

# Undirritunarsíða

Sigurgísli Ingimarsson



Undirritað af:  
Sigurgísli Ingimarsson  
1006567369  
Dags: 10.10.2022  
Tími: 12:00:14  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: ede9fb15-  
d96b-41bf-a0b8-  
d25c9fab66aa